





# Bókaskýrsla

## Lýsing á verkefni

Pú átt að gefa greinargott yfirlit yfir bókina sem þú valdir að lesa, mynda þér skoðun og rökstyðja hana. Pú átt að skrifa um það bil einnar síðu bókaskýrslu og hanna forsíðu á verkefnið.

## Námsmarkmið

Markmið og tilgangur verkefnisins er að **efla lesskilning** með lestri bókarinnar sem þú valdir; **þjálfun** í að **skrifa skipulagðan og vandaðan texta**; og æfing í að beita nokkrum grunnbókmenntahugtökum og þannig **ígrunda** það sem þú lest.

Hæfniviðmið	Viðmið um árangur
<i>Íslenska: Lestur og bókmenntir</i>  Nemandi getur <b>lesið, túlkað, metið og fjallað um</b> fjölbreyttar íslenskar bókmenntir.	<input type="checkbox"/> Ég skrifa <i>hnitmiðaða</i> endursögn þar sem ég segi í stuttu máli aðeins frá aðalatriðum en ekki allri bókinni í smáatriðum. <input type="checkbox"/> Ég skrifaði um persónur bókarinnar, söguþráð hennar, boðskap bókarinnar og skilaboð höfundar til lesanda. <input type="checkbox"/> Ég tek dæmi úr bókinni til þess að rökstyðja það sem ég skrifa (t.d það sem einhver sagði, það sem einhver gerði).
<i>Íslenska: Lestur og bókmenntir</i>  Nemandi getur beitt nokkrum grundvallarhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.	<input type="checkbox"/> Ég segi hver er <i>sögumaður sögunnar</i> . <input type="checkbox"/> Ég segi frá <i>tíma sögunnar</i> . <input type="checkbox"/> Ég fjalla um <i>fléttu/byggingu sögunnar</i> . <input type="checkbox"/> Ég segi <i>hvert sjónarhorn sögunnar er</i> <input type="checkbox"/> Ég <i>útskýri sögusvið sögunnar</i> .
<i>Íslenska: Ritun</i>  Nemandi getur <b>beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun</b> , skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	<input type="checkbox"/> Ég skipti textanum í inngang, meginmál og lokaorð. <input type="checkbox"/> Ég skipti textanum í málsgreinar og efnisgreinar. <input type="checkbox"/> Ég skipti meginmálinu upp í kafla: söguþráður, persónur, tími, sjónarhorn, sögusvið, boðskapur o.þ.h.
<i>Íslenska: Ritun</i>  Nemandi getur beitt <b>reglum um réttritun</b> , hefur náð <b>góðu valdi á stafsetningu</b> og gerir sér grein fyrir að <b>rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda</b> .	<input type="checkbox"/> Það er lítið um stafsetningar- og málfarsvillur. Ég fékk foreldri eða kennara til að lesa yfir. <input type="checkbox"/> Ég vanda orðaval og orðaforða í textanum.

<u>Kaflar</u>	Hvað þarf að koma fram
<u>Inngangur</u>	<input type="checkbox"/> Heiti bókar <input type="checkbox"/> nafn höfundar <input type="checkbox"/> þýðandi ef einhver er <input type="checkbox"/> útgefandi <input type="checkbox"/> útgáfustaður og útgáfuár Hér má líka segja frá því ef bókin var mjög vinsæl eða annað merkilegt við bókina (1-2 setningar max.)
<u>Meginmál</u>	Notaðu dæmi úr sögunni máli þínu til stuðnings. <input type="checkbox"/> Flétta: Segðu frá efni sögunnar, stutt og markvisst. Hvernig er kynningu háttað? Hvenær er hámark/ris sögunnar? Hvenær kemur að lausninni? <input type="checkbox"/> Sögumaður: Hver segir söguna? Hvaða upplýsingar um aðstæður veitir sögumaður? Trúirðu sögumanni og treystir honum til að segja rétt frá? <input type="checkbox"/> Persónur: Hverjar eru aðal- og aukapersónur sögunnar? Hvernig er þeim lýst? Hvernig er sambandi þeirra háttað? <input type="checkbox"/> Tími: Hvað ár er sagan skrifuð og hver er innri tími hennar? <input type="checkbox"/> Umhverfi og sögusvið: Hvar gerist sagan? Hvernig er félagslegt umhverfi persónanna? <input type="checkbox"/> Stíll og stílbrögð: Er sagan skrifuð á auðlesnu máli? Hvaða stílbrögðum er beitt í sögunni? Hver er hugblær sögunnar? <input type="checkbox"/> Túlkun og mat: Hver er boðskapur sögunnar eða hvað er það sem höfundur vill koma á framfæri með sögu sinni?
<u>Lokaorð</u>	<input type="checkbox"/> Samantekt <input type="checkbox"/> Þitt álit <input type="checkbox"/> Rökstuðningur
<u>Frágangur</u>	<input type="checkbox"/> Forsíða. <input type="checkbox"/> Lengd 1 bls <input type="checkbox"/> 1.5 línubil <input type="checkbox"/> 12 punkta letur <input type="checkbox"/> Munið eftir að lesa vel yfir málfar og stafsetningu áður en þið skilið